

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201Kópavogur

Reykjavík, 9. desember 2020
UST202003-571/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13.11.2020, hjá Laxar Fiskeldi ehf. Þorlákshöfn

Þann 13. og 16. nóvember sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Laxa Fiskeldis ehf., Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik er enn opið frá eftirliti ársins 2019. Frávikid er frá gr. 3.4 í starfsleyfi og snýr að hreinsun frárennslis eldisstöðvar. Frávikinu verður fylgt eftir í aðskildu bréfi.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni allt að 500 tonnum árlega af laxaseiðum. Framleiðsla ársins 2019 var talsvert umfram leyfilegt magn, eða rúm 716 tonn.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni allt að 500 tonnum árlega af laxaseiðum. Framleiðsla ársins 2020 var talsvert umfram leyfilegt magn, eða meira en 730 tonn.
3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Ársyfirlit vegna ársins 2019 barst Umhverfisstofnun 8. desember 2020. **Frávikinu telst því lokið.**
4. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Grænu bókhaldi vegna ársins 2019 var skilað til Umhverfisstofnunar 11. júní 2020. **Frávikinu telst því lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. janúar, 2021. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir staðfestingu þess efnis þegar eldri olúgeymir hefur verið tæmdur og fjarlægður af svæðinu.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur